

SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2015, 23. september, var haldinn 85. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 11:05. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Eva Einarsdóttir (Æ), Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D) og Sabine Leskopf (S). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Arnaldur Sigurðarson (Þ); Atli Steinn Árnason framkvæmdastjóri frístundamiðstöðva; Birgitta Bára Hassenstein, foreldrar barna í grunnskólum; Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri í grunnskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjóri í leikskólum; Rósa Ingvarsdóttir, kennarar í grunnskólum; Steindór Gestur Guðmundarson Waage, Reykjavíkurráð ungmenna. Jafnframt sátu fundinn Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Guðrún Edda Bentsdóttir, Helgi Grímsson, Hildur Skarphéðinsdóttir, Kristján Gunnarsson, Soffía Pálsdóttir og Valgerður Janusdóttir. Fundarritari var Guðrún Sigtryggsdóttir.

Þetta gerðist:

Steindór Gestur er boðinn velkominn til síns fyrsta fundar í skóla- og frístundaráði.

1. Lögð fram skýrsla starfshóps um samstarf Námsflokka Reykjavíkur og velferðarsviðs. Iðunn Antonsdóttir, forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur kynni og svara fyrirspurnum. SFS2015020096

Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs:

Lagt er til að tillögur sem fram koma í skýrslu starfshóps um samstarf Námsflokka Reykjavíkur og velferðarsviðs, dags. 30. apríl 2015, verði samþykktar og að yfirflutningur starfa náms- og starfsráðgjafa, samtals 2 stöðugildi, verði 31. desember 2015.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

2. Lögð fram drög að starfs- og fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs árið 2016, trúnaðarmál. Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri og Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri skóla- og frístundasviðs, kynna og svara fyrirspurnum. SFS2015020035

Samþykkt að vísa drögum að starfs- og fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2016 til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva leggur fram bókun sem skráð er í trúnaðarbók.

3. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. september 2015, um þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík ásamt drögum að þjónustusamningi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík um framlag vegna nemenda í viðkomandi skóla sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. Jafnframt lagt fram bréf Samtaka sjálfstæðra skóla, dags. 18. júní 2015, um athugasemdir um drög að þjónustusamningi við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík, minnisblöð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 29. maí 2015 og 28. mars 2015, um þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi grunnskóla. Enn fremur bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 5. júní 2015, um drög að þjónustusamningi við sjálfstætt starfandi grunnskóla og umsögn fjármálaskrifstofu, dags. 24. janúar 2014, um drög að þjónustusamningum við sjálfstætt starfandi grunnskóla. SFS2013090060

Með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. september 2015, er tillaga sviðsstjóra um að gerður verði þjónustusamningur við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík auk eins grunnskóla utan Reykjavíkur, á grundvelli framlagðra samningsdraga, samþykkt og vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins samþykkja fyrirbyggjandi samninga í trausti þess að sjálfstætt reknir skólar í Reykjavík geti áfram þróast með eðlilegum hætti og vaxið í samræmi við spurn borgarbúa eftir þjónustu þeirra.

- Kl. 12:54 vikur Valgerður Janusdóttir af fundi.
- 4. Lögð fram hugmynd af vefsvæðinu Betri Reykjavík, dags. 3. september 2015, um að örva tengsl foreldra í skólastarfi. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. september 2015, um hugmyndina.

Svohljóðandi tillaga samþykkt:

Skóla- og frístundaráð tekur undir mikilvægi hugmynda af samráðsvefnum Betri Reykjavík um að örva tengsl foreldra í skólastarfi. Ráðið felur sviðsstjóra að vinna að því með SAMFOK að auka enn frekar frumkvæði og þátttöku foreldra í skólastarfi með það að markmiði að styðja við nám og félagslegt uppeldi barna og ungmenna í grunnskólum. Jafnframt felur ráðið sviðsstjóra að kynna foreldrum grunnskólabarna Foreldravef Reykjavíkurborgar þar sem er vísir að hugmyndabanka um þátttöku foreldra í skólastarfi barna sinna. Enn fremur felur ráðið sviðsstjóra að vekja athygli skólastjóra á efni tillögunnar.

- 5. Menntamálastofnun. Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2015090209
- Kl. 14:00 tekur Valgerður Janusdóttir sæti á fundinum.

Áheyrnarfulltrúar kennara og skólastjóra í grunnskólum leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík og fulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur vilja koma því á framfæri að staðan við innleiðingu á nýju lokamati í grunnskóla er óviðunandi. Það að ekki séu komnar skýrar línur um með hvaða hætti á að meta nemendur inn í framhaldsskóla í upphafi þess skólaárs sem verið er að innleiða nýja aðalnámskrá er óásættanlegt og veldur streitu í skólasamfélaginu. Óskað er eftir því að skóla- og frístundasvið beiti sér fyrir því að fá skýrar línur í það með hvaða hætti á að standa að útskrift nemenda í 10. bekk næstkomandi vor. Jafnframt er bent á að nauðsynlegt er að skólasamfélagið hafi aðkomu að samræðu og ákvörðunum varðandi þessar stóru breytingar í skólaumhverfinu.

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla – og frístundaráð tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í bókun fulltrúa skólastjórnenda og kennara.

- Kl. 14:10 vikur Rósa Ingvarsdóttir af fundi.
- 6. Lagt fram bréfi sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. september 2015, varðandi frístundaheimilið Sólbúa. Auk þess lagt fram bréf skólastjóra Breiðagerðisskóla, dags. 12. september 2015, varðandi samnýtingu Breiðagerðisskóla og frístundaheimilisins Sólbúa og húsaleigusamningur vegna Hólmgarðs 34, dags. 22. ágúst 2014.

Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að endurnýja leigusamning vegna húsnæðis fyrir frístundaheimilið Sólbúa vegna barna í 3. og 4. bekk Breiðagerðisskóla. Frístundaheimili fyrir börn í 3. og 4. bekk Breiðagerðisskóla verði í skátaheimilinu Garðbúum við Hólmgarð skólaárið 2015 - 2016.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt.

7. Lagðar fram skýrslur um mat á frístundastarfi í frístundaheimilinu Eldflauginni, dags. í febrúar 2015 og félagsmiðstöðinni Þróttheimum, dags. í febrúar 2015. Jafnframt lagðar fram skýrslur um ytra mat á skólastarfi í Fellaskóla, dags. í maí 2015; um ytra mat á skóla og frístundastarfi í Dalskóla, dags. í júní 2015 og um ytra mat á skólastarfi í Ártúnsskóla, dags. í apríl 2015. Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfræði- og rannsóknþjónustu skóla- og frístundasviðs og Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs, kynna og svara fyrirspurnum. SFS2015060052
8. Lagt fram á fundinum minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 23. september 2015, um stöðu innritunar- og starfsmannamála frístundastarfs skóla- og frístundasviðs. SFS2015080113
9. Lagðar fram reglur og leiðbeiningar um framkvæmd ákvæðis um færslu afgangshalla á milli ára, dags. 8. september 2015. Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri skóla- og frístundasviðs, kynnti og svaraði fyrirspurnum. SFS2015090167

Áheyrnarfulltrúi skólastjóra í grunnskólum í skóla- og frístundaráði leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík telur engar forsendur fyrir því að um áramótin 2015-2016 að virkja hinar nýju reglur borgarráðs frá 18. júní 2015, um færslu fjárheimilda á milli ára, gagnvart grunnskólum borgarinnar. Fram kemur í niðurstöðum starfshóps sem borgarstjóri skipaði 4. október 2014 til að rýna skóla- og frístundasvið fjárhagslega að það verði ekki forsendur til þess fyrr en við árslok 2017, svo fremi sem að því markmiði verði náð að klára nýtt úthlutanarkerfi fyrir undirbúning fjárhagsáætlunar 2017.

Þessu til skýringar er vísað til bréfs frá skólastjórum 16. september síðastliðinn um færslu fjárheimilda á milli ára sem stílað var á sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

Áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra í leikskólum og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva í skóla- og frístundaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúar leikskólastjóra og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva í Reykjavík telja engar forsendur fyrir því að um áramótin 2015 – 2016, að virkja hinar nýju reglur borgarráðs frá 18. júní 2015, um færslu fjárheimilda á milli ára, gagnvart leikskólum og frístundamiðstöðvum borgarinnar. Vinnan við endurskoðun fjárhagsramma sviða hefur dregist og er ekki lokið og er það mikilvægt að úthlutun sé raunsæ, réttlát og að leikreglur séu skýrar í upphafi árs.

10. Starfslok sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. SFS2015090210

Bókun skóla- og frístundaráðs:

Skóla og frístundaráð þakkar Ragnari Þorsteinssyni fráfarandi sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs fyrir góð og farsæl störf að skóla- og frístundamálum í Reykjavík í þágu reykvískra barna, foreldra og skólasamfélagsins í heild sinni. Ráðið óskar Ragnari velfarnaðar í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur í framtíðinni.

Fundi slitið kl. 15.29

Skúli Helgason

Eva Einarsdóttir
Kjartan Magnússon
Marta Guðjónsdóttir

Jóna Björg Sætran
Líf Magneudóttir
Sabine Leskopf